

# Melrakki

Melrakki hefur verið á Íslandi í árþúsundir en hann hefur sennilega átt heimkynni hér allt frá lokum ísaldar.

## Nafngiftir

Melrakki er eitt elsta ritaða nafn tegundarinnar hér á landi en þar er tilvísun í mjöll (mel) og hund (rakki) úr fornu norrænu máli. Algengasta nafnið er refur en tófa er einnig mjög þekkt. Kvendýrið er gjarnan kallað læða og karldýrið steggur eða refur. Afkvæmi refsins nefnist yrðlingur. Melrakki finnst á meginlöndum og eyjum norðurheimskautsins.<sup>1</sup>

Þekkt nöfn yfir melrakka:

1. Dratthali
2. Gráfóta
3. Holtaþór
4. Lágfóta
5. Refur
6. Skaufhali
7. Skolli
8. Tófa
9. Tæfa
10. Vargur
11. Vembla

Refir lifa langmest á fuglum. – Þeir veiða einkum:

- Fýl
- Gæsir
- Langvíu
- Lunda
- Rjúpu
- Vaðfugla
- Æðarfugl

Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands. *Melrakki*. Sótt 3. júlí 2016 af:

<http://www.ni.is/dyr/spendyr/melrakki>

---

<sup>1</sup> Syðstu búsvæði melrakka eru við Hudson-flóa í Kanada (53°N) en nyrst fer hann í Norður-Grænlandi (88°N).